



Morgunblaðið/Kristinn

Fulltrúar ólíkra listforma innan íslenskrar myndlistar, frá vinstri: Birgir Andrésón, Svava Björnsdóttir, Jón Óskar, Margrét H. Blöndal, Anna Líndal og Bjarni Sigurbjörnsson. Á myndina vantar þá Ómar Stefánsson og Þorvaldur Þorsteinsson.

ÓLÍKIR LISTAMENN ÚR ÖLLUM ÁTTUM

Átta íslenskir myndlistarmenn eru fulltrúar ólíkra listforma á sýningunni Mynd – íslensk samtímalist sem opnuð verður í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi á morgun, sunnudag. En verkin eiga að veita góða innsýn í þróun íslenskrar myndlistar síðustu árin. ANNA SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR ræddi við tvo listamannanna, þá Jón Óskar og Birgi Andrésón.

Í SLENSK myndlist og samband hennar við hið alþjóðlega listsamfélag hefur tekið umtalsverðum breytingum sl. áratugi, enda hafa tengsl íslenskra listamanna við kollega sína bæði í Evrópu og Bandaríkjunum aukist til muna. Bættar samgöngur, fjölmiðlavæðing og síðast en ekki síst tilkoma Netsins hafa þar öll á sinn hátt skipt máli. En þótt íslensk myndlist sé, við upphaf nýrrar aldar, í fullu samræmi við það sem er að gerast í listalífinu á alþjóðlegum vettvangi, þarf slík alþjóðavæðing ekki að hafa neina einsleitni í för með sér.

Sýningin Mynd – íslensk samtímalist er hluti af þeim fjölmörgu viðburðum sem tengjast Listahátíð Reykjavíkur þetta árið og listamennirnir átta, sem fæddir eru á árunum 1952-1970, eru fulltrúar ólíkra listforma. Verk þeirra eru enda talin gefa góða innsýn í íslenska myndlist síðustu ára, en listamennirnir eru: Anna Líndal, Birgir Andrésón, Bjarni Sigurbjörnsson, Jón Óskar, Margrét H. Blöndal, Ómar Stefánsson, Svava Björnsdóttir og Þorvaldur Þorsteinsson.

„Ég held að það sem sýningin gerir helst sé að draga saman ólíka listamenn úr öllum áttum,“ segir Jón Óskar, sem sýnir að þessu sinni verkaröð tengda vinsælum tölvuleik. „Þetta er að minnsta kosti ekki samstilltur



Svava Björnsdóttir vinnur að uppsetningu verks síns.

hópur. Listamennirnir koma úr öllum áttum og það er fátt sameiginlegt í verkunum, sem líka eru mjög ólík,“ bætir hann við.

Að sögn Birgis Andrésónar, sem býður sýningargestum upp á tvær veggmyndir, gefur það e.t.v. nokkra hugmynd um fjölbreytileika sýningarinnar að verkin sem þar er að finna ná yfir allt frá abstraktverkum Bjarna Sigurbjörnssonar yfir í harðlínukonseptlist Birgis sjálfs.

Áhorfandinn er sköpunaraflíð

Veggmyndir Birgis byggjast á texta og er formið honum ekki með öllu ókunnugt. „Ég hef unnið svoltið með þetta form áður, bæði í lengri lýsingum af mannfólki og eins af náttúrufrýrbærum. Þannig að í staðinn fyrir að sjá myndina, þá lestu hana,“ útskýrir hann og bætir við: „Þetta er spurning um hvar myndin birtist, hvernig þú sérð hana og hvaða myndir þú sérð.“ Áhorfandinn sjálfur verður þannig raunverulega að sköpunaraflinu í verkum Birgis og lætur listamaðurinn sér nægja að útvega honum hinar nauðsynlegu einingar verksins – myndefnið og litinn.

„Í þetta skipti er ég með tvo vegg. Í öðru tilfellinu er texti veggmyndarinnar: „Hlutirnir eru fjær heldur en þeir birtast“ og í hinu er hann „Hlutirnir er nær heldur en þeir sýnast“. En í báðum tilfellum gæti lýsingin átt við hvað sem er,“ segir Birgir. Myndmál verkanna er afbökun á setningunni „Objects are closer than they appear“ sem finna má á jeppaspeglum.

Veggmyndirnar eru málaðar í svo nefndum íslenskum litum sem Birgir hefur unnið mikið með. „Íslensku litirnir eru afskaplega einangrað fyrirbæri sem bara hafa þróast hér uppi á skerinu,“ segir hann og útskýrir að hann eigi með þessu ekki eingöngu við sauðalitina. Ákveðinn litaskali sé hins vegar einkennandi fyrir Ísland og litirnir sem finnst í íslensku umhverfi séu alla jafna dempaðri heldur en til að mynda þekkest í Austurlöndum. „Þetta tengist líka spurningunni hvað er litur og hvaða litur er þetta,“ útskýrir Birgir. „Litur er ekki til sem áþreifanlegt fyrirbæri, heldur er hann eitthvað sem maður skynjar og sem breytist eftir aðstæðum, til að mynda birtumagni.“

„Þetta gengur út á slátrun“

Sýningin Mynd – íslensk samtímalist er framhald á sýningu á verkum listamannanna átta sem haldin var í Henje Onstad listamiðstöðinni í Noregi í fyrra. Á þeirri sýningu var Birgir með aðra veggmynd en þær sem sýndar verða í Hafnarborg og náði verk hans þar yfir 15 metra langan vegg. Sum verkanna sem sýnd verða að þessu sinni voru þó einnig á sýningunni í Noregi, m.a. ljósmyndir eftir Jón Óskar. Fleiri verk hafa þó bæst við þá verkaröð listamannsins frá því hópurinn sýndi í Noregi. „Það er svo langt um liðið. Það er orðið ár síðan, þannig að mér fannst ekki hægt að koma eingöngu með sömu verkin hingað,“ segir Jón Óskar sem sýnir auk ljósmyndanna málverk og myndbandsverk sem öll tengjast tölvuleiknum Counter Strike.

„Videóverkið er einskonar stuttmynd sem byggist á tölvuleiknum. Ég hef útbúið sögu sem er leikin eftir honum,“ útskýrir Jón Óskar og segir myndbandið tekið upp eins og um bíómynd sé að ræða. „Þetta gengur út á slátrun. Ég held að það deyi fimm á hverri mínútu í myndinni sem er 12-15 mínútna löng.“ Myndbandsverkið er tölvuunnið og fjallar um þann heim sem til er orðinn í kringum Counter Strike tölvuleikinn, en leikurinn hefur verið gríðarlega vinsæll hérlendis. „Counter Strike er ekki bara tölvuleikur heldur hefur mótast heilt samfélag í kringum hann.“ En leikurinn gengur út á baráttu hersveita og hryðjuverkamanna. Á Íslandi eru hópar manna sem leika tölvuleikinn og mikil samskipti í tengslum við leikinn eru á Netinu, auk þess sem stór mót eru haldin tvisvar á ári.

Annað sjálf Jóns Óskars í Counter Strike nefnist Castor Pollux, en nafnið er fengið frá tvíburamerkinu – sonum Ledu og svansins – og listamaðurinn þar með búinn að tengja verk sitt goðafræðinni og um leið myndlistinni. Í tengslum við verkið stofnaði Jón Óskar flokk 25-30 manna, líkt og tíðkast í tengslum við leikinn, og eru reglulega haldnir fundir á þeirra vegum. „Meðlimirnir eru frá 16 ára og upp í þrítugt, og svo er það ég, gamli maðurinn,“ bætir hann við.

Verkið teygir sig langt út fyrir sali safnsins, enda kveðst Jón Óskar hafa mjög gaman af því að blanda myndlist sinni saman við aðra þætti lífs síns. „Ég vil ekki að mín myndlist sé bundin af því að vera myndlist, heldur vil ég frekar að hún sé hluti af ástandinu – af því sem ég er að sýsla á öðrum sviðum.“

Sýningunni lýkur 11. ágúst.

annaeci@mbl.is